

Gerð einstaklingsnámskrár

Almennt um einstaklingsnámskrár.

Í 4.gr. í Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla kemur fram að nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við náms- og félagslegar þarfir þeirra í skóla.

Nemendur sem þurfa að víkja frá aðalnámskrá og þurfa breytingar á námsmarkmiðum, aðstæðum í námi eða námsefni eiga rétt á einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrá er nýtt til að ná ákveðnum markmiðum. Slík námskrá er gagnlegt tæki til að sýna fram á árangur.

Sérkennsla skal sniðin að skilgreindum þörfum hvers barns og skal það gert með gerð einstaklingsnámskrár.

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=5ed99731-e461-4a74-b88c-c4b10fae3474>

Eyðublöð um stuðningsáætlanir og fleira frá Barna- og fjölskyldustofu

[Eyðublöð vegna farsældar | Barna- og fjölskyldustofa](#)

Fjögur stig í gerð einstaklingsnámskrár:

1. Bakgrunnsupplýsingar.
 - a. Persónuleg kynni. Mat á styrkleikum og mikilvægar áskoranir.
 - b. Greining gagna. Greiningargögn, gögn frá öðrum fagaðilum eins og talmeinafræðingum eða iðjubjálfa, og önnur fyrirliggjandi gögn.
 - c. Mat/athugun – finna grunnlínu.
2. Markmið.
 - a. Sjónarmið og forgangsröðun foreldra og/eða einstaklingsins sjálfs höfð að leiðarljósi.
 - b. Hlutverk skilgreind – Hver ber ábyrgð á hvaða markmiði innan námskrár.
3. Íhlutun.
 - a. Hagræða í umhverfinu og aðlaga að einstaklingum ef þörf er á.
 - b. Kenna/þjálfa og yfirfæra nýja færni á daglegar aðstæður.
4. Endurmat.
 - a. Bera saman stöðu fyrir og eftir íhlutun og meta samvinnu við fjölskylduna og aðra í teyminu miðað við fyrirliggjandi áætlun.

Ákveða hvaða þætti á að vinna með.

Mikilvægt er að velja leið sem hentar hverju barni fyrir sig. Engin ein leið er rétt.

„Vellíðan barns er forsenda þess að það læri og njóti“ (Gerður Aagot Árnadóttir 2006).

Í einstaklingsnámskrám eiga eftirfarandi þættir að koma fram:

- Námsmarkmið – skrifleg – langtíma og skammtímamarkmið (nær oftast til eins misseris eða eins skólaárs):
 - Hverju á barnið að hafa náð á tilteknum tíma?
 - Hvernig á að mæla árangur? Skráningar eru nauðsynlegar.
 - Hvernig á að styðja barnið til þátttöku? Hvernig á að auðvelda barninu félagslega þátttöku með ófötluðum börnum?
 - Hvernig á að mæta sérþörfum barnsins?
 - Hvernig tengjast námsmarkmið barnsins almennum námsmarkmiðum?
- Hvenær tekur áætlunin gildi?
- Til hvaða tíma nær áætlunin?
- Hvar á kennsla að fara fram, hve oft og hve lengi?
- Hvernig á að hafa samvinnu við foreldra?
- Hver ber ábyrgð?

Það er mikilvægt að starfsfólk skóla þekki persónulegan bakgrunn og sögu, að vita hverjar óskir og þarfir eru, að vita hvað viðkomandi líkar og líkar ekki og að þekkja áhugasvið.

Ákveða íhlutun – Hvaða leiðir.

þarf að ákveða hvað skal gera:

- Aðstæður – Hvar? Þarf að aðlaga aðstæður að nemandanum? Úthald og einbeiting. Virkni tími (hvenær dagsins). Tímalengd kennslustunda. Í hópi eða einrúmi? Huga að áreiti og fleira. Umhverfið. Sjónrænt skipulag? Hópastærð? Hjóðvist? Sjónrænt áreiti? Hópasamsetning.
- Kennsluaðferðir – Hvernig? Þarf að aðlaga kennsluaðferðir að nemandanum? Þarf að brjóta niður í smærri einingar eða þrep?
- Hjálparbúnaður – hvort og hvaða þá? Fær barnið að nota tölvu við verkefnavinnu? Fær barnið að teikna verkefni í staðinn fyrir að skrifa? Reiknivél í stærðfræði?
- Stuðningur – Hvernig?
- Æfing og yfirlýsla. Fyrst er athöfn kennd með einstaklingskennslu. Síðan er athöfn framkvæmd við margvíslegar aðstæður.

Dæmi: Munnlegar leiðbeiningar, myndrænar leiðbeiningar, handstýring.

SMART-reglan er þekktur leiðarvísir við setningu markmiða.

S: Skýr – skiljanleg

M: Mælanleg – fela í sér viðmið

A: Atferlismiðuð – mikilvæg færni

R: Raunhæf – þarf að vera hægt að ná þeim

T: Tímasett – Hægt að ná þeim innan ákveðinna tímamarka.



Dæmi um viðeigandi og óviðeigandi markmið

Viðeigandi markmið

Jón biðji um hjálp kennara 5 sinnum á dag

Jón skiptist á með einu öðru barni að keyra niður bílabrautina.

Jón klæði sig sjálfur í úlpu, fyrir utan að setja rennilásinn í sleðann.

Jón vinni sjálfstætt í stærðfræðitímum í 15 mínútur af 40 mínútna tíma.

(Muna að halda skráningar svo markmið sé mælanlegt).

Óviðeigandi markmið

Efla félagsfærni Jóns

Jón leiki við krakkana

Hvetja Jón til að klæða sig sjálfur

Jón biðji sjálfur um að borða í matartímum

Auka orðaforða Jóns

(Þetta geta verið dæmi um langtímamarkmið)

Hugmyndir af félagsfærniþáttum sem hægt er að setja í einstaklingsnámskrá

Einstaklingsþættir:

- Matarvenjur, hreinlætisvenjur, svefn/hvíldarvenjur, fatnaður/klæðnaður.
- Einbeiting (geta eirt við sama verkefni ákveðinn tíma, ljúka verkefni, trufla ekki aðra).
- Frumkvæði (prófa eitthvað nýtt, nálgast aðra að fyrra bragði, bjóða fram aðstoð).
- Sjálfstæði (að bjarga sér, mótmæla áreitni, geta gert/sagt án aðstoðar).
- Sjálfstraust (nota jákvæð orð um sig, leggja í að prófa ný verkefni).
- Sjálfstjórn (geta beðið, stjórna sér í samskiptum, hemja skap sitt, taka gagnrýni).
- Tjáning (tala við aðra, svara spurningum, tjá skoðanir).
- Málþroski (framburður, orðaforði, málskilningur).
- Fínhyringar (teikna, skrifa, önnur handavinna).
- Grófhreyfingar (ganga, hlaupa, klifra, stökkva).
- Líkamlegt úthald (geta hlaupið, hreyfa sig viðstöðulaust).

Félagsþættir:

- Samskipti við önnur börn (vera öruggt með sig, bjóða öðrum til þátttöku, sýna samskiptavilja að fyrra bragði).
- Samskipti við starfsfólk (segja hópstjóra /kennara frá, leita eftir líkamlegri umönnun, biðja um aðstoð).
- Hegðun (fara eftir fyrirmælum, gegna hópstjóra/kennara/foreldrum).
- Afstaða til reglna (ræða um reglur, mótmæla óréttlátum reglum, fara eftir eða brjóta reglur).
- Framkoma (sýna kurteisi s.s. að þakka fyrir, heilsa og kveðja, upplitsdjarft, svara).
- Setja sig í spor annarra (sýna samúð, gleðjast, hrósa).




Hvernig veit ég hvort að árangur náðist?

Margir matslistar og form eru til, til að meta árangur. Hér eru nokkrar hugmyndir aðslíkum:

Goal attainment scale

Designing personalized learning experiences

Designing personalized learning for every student (Dianne L. Ferguson).



Matslistar sem RGR mælir með:

AEPS

AEPS er vinnutæki sem nýtist okkur í að búa til einstaklingsnámskrá og skipuleggja íhlutun. Áhersla er á samstarf foreldra og fagfólks. Færni er metin á sex þroskasviðum: Fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili.



„Grái listinn“ úr bókinni Behavioral intervention for young children with autism.

1.			
2.			
3.			
		F	L
BYRJUNARSTIG			
I. Athygli			
1. Situr sjálfur í stól			
2. Svarar nafninu sínu með augnsambandi (bls. 74)			
3. Svarar með augnsambandi þegar þjálfari gefur fyrirhættu "sjáðu mig" (bls. 74)			
4. Svarar fyrirhættunum "sitja fallega" ("hands down" í bók)			
II. Eftirhermar			
1. Hemur eftir gröðhreyfingum (bls. 75)			
2. Hemur athafnar með hlutum (bls. 76)			
3. Hemur eftir fínhreyfingum (bls. 77)			
4. Hemur eftir munnhreyfingum (bls. 78)			
III. Övrt málferni			
1. Fylgir einföldum fyrirhættum (bls. 79)			
2. Bendir á líkamshluta (bls. 80)			
3. Bendir á hluti (bls. 81)			
4. Bendir á myndir (bls. 82)			
5. Bendir á kunnugt fólk (bls. 83)			
6. Fylgir fyrirhættum sem eru sagnir (bls. 84)			
7. Bendir á athafnar á myndum (bls. 84)			
8. Þekkir hluti í umhverfinu (húsgögn o. fl.) (bls. 85)			
9. Bendir á myndir í bók (bls. 86)			
10. Bendir á hluti ef sagt er til hvers þeir eru notaðir ("hvað er til að drekka?") (bls. 87)			
11. Þekkir hver á hvað líkamshlutar og fót t. d. "bentu á mamma's mömmu auga") (bls. 88)			
12. Þekkir umhverfisljóð ("bentu á það sem heyrst í") (bls. 89)			

Selecting Teaching Programs 75

Program Imitates Gross Motor Movements			
<p>Program Procedure: Sit in a chair facing the child and establish attending. Present the instruction "Do this" while simultaneously modeling a gross motor movement. Prompt the child to perform the action and reinforce the response. Fade prompts over subsequent trials. Differentially reinforce responses demonstrated with the lowest level of prompting. Eventually, only reinforce correct, unprompted responses.</p>		<p>Suggested Prerequisites: Sits in a chair</p> <p>Prompting Suggestions: Physically guide the child to perform the response.</p>	
Instruction: "Do this."	Response	Date Introduced	Date Mastered
1. Tap table			
2. Clap hands			
3. Wave			
4. Place arms up			
5. Stomp feet			
6. Tap legs			
7. Shake head			
8. Nod head			
9. Turn around			
10. Cover face with hands			
11. Tap shoulders			
12. Jump			
13. Circle arms			
14. Tap stomach			
15. March			
16. Put arms out			
17. Knock			
18. Put hands on waist			
19. Rub hands together			
20. Tap head			
<p>Helpful Hint: Some children may learn object-mediated imitation (e.g., ringing a bell, placing a block in a bucket) faster than gross motor movements. After teaching five imitative responses, probe novel ones; the skill may have generalized!</p>			

© 1999 by PRO-ED, Inc.



ABLLS-R

(Assessment of basic language and learning skills).

Námsskrártengt matstæki sem metur færni 2-9 ára barna með einhverfu eða aðrar proskarasakanir.

25 þættir og 544 atriði eru metin. Þessum þáttum er svo skipt niður í 4 svið:

1. Grunnfærni
2. Námsfærni
3. Sjálfshjálp
4. Hreyfifærni



Heimildir

Angela Novak Amado, Ph.D. and Marijo Mc Bride, M.Ed. (2001). *Increasing person-centered thinking: Improving the quality of person-centered planning*.
<https://rtc.umn.edu/docs/pcpmanual1.pdf>

Diane M. Browder. (2001). *Curriculum and assessment for students with moderate and severe disabilities*. The Guilford Press.

Jóna Ingólfssdóttir (munnleg heimild, 2012).

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010